

# Ársskýrsla Skíðafélags Ísfirðinga 2021 -2022



## Í stjórn eru:

Díana Jóhannsdóttir	Formaður
Martha Kristín Pálmadóttir	Gjaldkeri
Sif Huld Albertsdóttir	Meðstjórnandi
Halldór Karl Valsson	Meðstjórnandi
Helgi Karl Guðmundsson Schmidhuber	Meðstjórnandi

Aðalfundur Skíðafélagsins verður haldinn 9. maí n.k.

## Fundir

Haldnir voru fjórir fundir stjórnar á árinu, en flestar ákvarðanir voru afgreiddar á facebook-síðu stjórnar. Þó er ljóst að halda verður fleiri fundi til að tryggja samfellu í vinnu stjórnar.

## Þjálfarar SFÍ:

### Skíðaganga

Lilli Marie Myhre Ofstad var ráðin yfirþjálfari og sá hún um þjálfun elsta hópsins ásamt Unu Salvör Gunnarsdóttur. Jóna Lind Kristjánsdóttir var yfirþjálfari HSV en henni til aðstoðar var Hrefna Dís Pálsdóttir.

Æfingar fyrir 12 ára og eldri voru í gangi allt árið, yfir sumartímann voru hlaup, hjólaskíði og styrktarþjálfun.

### Alpagreinar

Rannveik Hjaltadóttir var yfirþjálfari alpagreina og sá hún um þjálfun elsta hópsins, jafnframt var hún með mið hópinn en henni til stuðnings voru þrjár þjálfarar, Regína Rúnarsdóttir, Halldóra Jónasdóttir og Einar Geir Jónasson sem einnig önnuðust íþróttaskóla HSV.

### Bretti

Það voru þeir Sólveig María Þórðardóttir og Otti Freysteinnsson skiptu með sér æfingum brettadeildar með stuðningi frá Elínu Hólmi, Marteini og Helga Karli.

## Snjóalög

Snjóalög voru þokkalega góð og opnaði gönguskíðasvæðið 16. nóvember en frekar grunnt var á snjó í Tungudal en hófust þó æfingar 12. desember. Voru bæði svæðin formlega orðin opin í lok janúar. Mikill snjór kom á svæðið og hægt að halda æfingar fram í aðra vikuna í maí með dyggri aðstoð frá forstöðumanni skíðasvæðisins.

## Mótamál:

Nokkuð var um breyttar dagsetningar á mótum vegna veðurs, en farið var á eftirfarandi mót:

Bikarmót í skíðagöngu á Akureyri 14.-16. janúar  
Bikarmót í skíðagöngu í Bláfjöllum 28.-30. janúar  
Bikarmót í alpagreinum á Akureyri 4.-6. febrúar  
Bikarmót í skíðagöngu á Ísafirði 4.-6. apríl  
Unglingameistaramót í alpagreinum í Oddskarði 8.-10. apríl  
Skíðamót Íslands og Unglingameistaramót Ísland í skíðagöngu á Ólafsfirði 25.-28. apríl  
Jónsmót á Dalvík í alpagreinum og sundi 11.-12. mars  
Andrésar andarleikarnir á Akureyri en þar er keppt í skíðagöngu, alpagreinum og brettagreinum.

### **Styrkur úr Þjálfarasjóði**

Árið 2020 var sótt um styrk í Þjálfarasjóð Skaginn 3X sem HSV heldur utan um. Var fenginn styrkur fyrir æfingabúðum fyrir alpadeild þar sem áhersla var á að þjálfa skíðaþjálfara deildarinnar. Samið var við Sigurð hjá Ski Racers Iceland um að koma og sjá um æfingabúðirnar og heppnuðust þær einstaklega vel.

### **Skíðavika**

Skíðavikan var loksins haldin hátíðleg á ný eftir að hafa verið aflýst í tvígang vegna covid. Gleðin var mikil og var sérsaklega gaman að sjá aukinn kraft settan í setningu skíðavikunnar sem var einstaklega vegleg í ár. Skíðafélagið stóð fyrir föstum liðum eins og furðufatadegi og páskaeggjamóti.

### **Fjármál og fjárfestingar:**

Engir uppbyggingasamningar voru gerðir vegna ársins 2021 og því ekki farið í framkvæmdir í tengslum við þá.

### **Afreksfólk:**

Albert Jónsson er í A-liði landsliðs SKÍ.

Dagur Benediktsson er í B-liði landsliðsins SKÍ.

Bæði Albert og Dagur fengu afreksstyrk frá HSV.

Þetta afreksfólk hefur staðið sig með sóma og eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur. Jafnframt ber að vekja athygli á einstökum árangri Snorra Einarssonar á Ólympíuleikunum í Beijing, en hann náði besta árangir íslensk keppanda í skíðagöngu á leikunum. Þótt Snorri keppti ekki undir merkjum SFÍ fögnum við því sérstaklega að hafa svona flotta fyrirmynd fyrir krakkana okkar hérna á svæðinu.

Ísafjörður  
5. maí 2022

Díana Jóhannsdóttir  
Formaður